




Hamraberg 34 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Ólafs Páls Bjarkasonar, dags. 24. febrúar 2026, um að reisa sólskála við húsið á lóð nr. 34 við Hamraberg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



HverfisSKIPULAG.

SKIPULAG Í GILDI

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Hamrabergi 34 borgarhluta 6. Breiðholt og er hluti af íbúðarsvæði.

HverfisSKIPULAG: Í gildi er hverfisSKIPULAG fyrir Efra-Breiðholt, samþykkt í borgarráði 9. desember 2021, ásamt síðari breytingum.

UMSÖGN

Hús nr. 34, á lóð nr 28-34 við Hamraberg er raðhús byggt árið 1981 skv. fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að byggja við húsið sólskála á austurhlið lóðarinnar. Búið er að byggja sólskála við Hamraberg 28,30 og 32.

Í hverfisSKIPULAGI segir:

Heimilt er að byggja viðbyggingar við öll raðhús/parhús í skilmálaeiningunni 6.3.13 og má viðbygging hvorrar séreignar ekki vera stærri en 20 m² á einni hæð, nema annað sé tekið fram. Jafnframt er heimild til viðbygginga háð samþykki meðlóðarhafa.

Sækja þarf um byggingarleyfi til þess að koma umræddri viðbyggingu/sólskála fyrir.

NIÐURSTAÐA

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að byggja sólskála á lóð 28-34 við Hamraberg.



- Hönnuður þarf að senda inn teikningar og sækja um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.
- Einnig þarf að fá samþykki meðlóðarhafa.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir
verkefnastjóri